

## 1151. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. september 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

**Mætt voru:** Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Gestur fundarins:** Björn Traustason framkvæmdastjóri Almenna íbúðafélagsins hses

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1150. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Bjarni Þór lagði fram fundargerð 1150. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Kjaramál

Bjarni Þór ræddi gögn um nýtt samningalíkan sem búið er að setja á stjórnarvefinn. Þetta er lagt fram til kynningar og er mjög spennandi efni. Þarna er m.a. stefnt að því að bæta vinnubrögð við kjarasamningagerð en Ólafía Björk er einmitt í dag stödd í ferð um Norðurlöndin ásamt ýmsum aðilum er koma að samningamálum m.a. ríkissáttasemjara þar sem þau kynna sér verklag það sem við nú lítum til. Þarna er uppleggið að samningagerð verði agaðri og getum við vonandi byggt vinnuna á Holden skýrslunni og hvetur hann fundarmenn til að kynna sér allt efnið vel.

Umræður

#### 3. Íbúðafélag – staðan Björn Traustason framkvæmdastjóri

Bjarni Þór bauð nú velkominn gest fundarins, Björn Traustason framkvæmdastjóra Almenna íbúðafélagsins hses og hóf hann að kynna málefni íbúðafélagsins með glærum.

Ragnar Þór Ingólfsson mætti hér til fundar kl. 18:00

Björn sagðist hafa starfað við þetta mál frá því í apríl sl. en umgjörð íbúðafélagsins byggir m.a. á lögum um almennar íbúðir nr. 52-2016. Stefnan er sú að bæta húsnæðisöryggi. Félagið er svo nefnt „non-profit“ félag og því skal reynt að stilla leiguverði í hóf. Rekstur íbúðanna á að verða sjálfbær og

stofnaður verður viðhaldssjóður.

Í fyrsta kasti eru þetta 1000 íbúðir auk 200 íbúða fyrir Félagsbústaði og Hafnarfjarðarbæ.

Í stjórn verða 9 aðalmenn og 3 til vara til 4 ára í senn en einnig verða sett upp íbúðafélög sem eru fulltrúaráð með 12 einstaklingum.

Fjármögnun skiptist þannig að 70% fjár kemur sem lánsfé frá Íbúðalánasjóði, bönkum og lífeyrissjóðum, 18% verður stofnframlag ríkisins og 12% stofnframlag sveitarfélaga sem verður að mestu í formi lóða og gjalda.

Þetta er hugsað sem landsfélag þótt þetta byrji hér á höfuðborgarsvæðinu. Byggt verður samkvæmt reglugerð þar sem við stefnum á að kostnaður verði að hámarki 220 þús. kr. per fermeter auk 5 milljón kr. fastakostnaðar á íbúð. Telst það því mjög líttill byggingarkostnaður í dag. Sem dæmi myndi 85fm 4 herb. íbúð leigjast á 156 þús. kr. á mánuði, 70fm 3 herbergja íbúð 134 þúsund kr. og 55fm 2 herbergja íbúð á 113 þús. kr. á mánuði.

Unnið hefur verið með tekjumörk þar sem miðað er við að árstekjur per einstakling séu ekki hærrí en kr. 4,7 milljónir kr. en 6,6 milljónir kr. m.v. hjón. Þar með er ljóst að þessi húsnæðiskostur mun ekki eiga við nema takmarkaðan hóp fólks og er eiginlega kerfi sem tekur við af Félagsíbúðum hvað tekjumörkin varðar. En þetta er auðvitað bara eitt af mörgum þúslum í því sem verið er að gera með húsnæðismarkaðinn.

Þá fór Björn nokkrum orðum um þá vinnu sem fór í undirbúning málsins, ræddi hönnunarferli íbúðanna þar sem kom m.a. fram að þeir fá alla aðila að borðinu strax og settar verða hömlur á byggingarkostnað sem kemur í veg fyrir að farið sé fram úr fjárhagsáætlun, s.k. „turn-key“ lausn sem þekkt er m.a. í Bandaríkjunum.

Þá ræddi Björn hvaða lóðir séu nú komnar á borðið en þar má nefna Skarðshlíð (Vellir 7) í Hafnarfirði en í Reykjavík sé stefnan sett á blönduð íbúðahús sem byggir á s.k. „félagslegri blöndun“ sem reyndar er dálítið snúið í framkvæmd en verið er að leysa hnúta. Lóðir verða t.d. á Keilugranda, Nauthólsvík, Lauganesi, Kirkjusandi, Spöng, Úlfarsfelli, Skerjafirði, Efstaleiti, Norðlingaholti og víðar.

Umræður.

Ólafur Reimar vék hér af fundi kl. 18:55

Að loknum umræðum og fyrirspurnum var Birni þakkað fyrir og vék hann af fundi.

#### 4. Lykiltölur VR

Stefán lagði fram skjalið „*Lykiltölur VR jan-júní 2016*“ og fór yfir efni þess. Í máli hans kom m.a. fram að félagsmönnum hafi fjölgað mjög frá sama tíma í fyrra eða um 4,5% . En áfram heldur þó fækkun á afgreiðslum, símtölum og afgreiðslu pósta á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is) sem líta megi á sem afleiðingu þess að félagsmenn sækja sér í auknum mæli upplýsingar á vef félagsins og sækja þar um styrki oph. Fjöldi styrkja úr varasjóði fækkar um 4,3% milli ára og meðalfjöldi atvinnuleitenda fækkar um 19,7% sem bæði má væntanlega rekja til uppsveiflu í atvinnulífinu.

Aukning er á styrkjum úr sjúkrasjóði og greiðslum sjúkradagpeninga en aukning er á eignum VR um 7%.

Þá rakti Stefán í stuttu máli tölur á hvern félagsmann reiknað á ársgrundvelli og kom einnig fram að nafnávöxtun á sjóðum VR var neikvæð um 0,31% á tímabilinu þótt líklegt sé að hún hafi rétt úr sér frá því í vor en tekjur voru 1,6 milljarður kr. sem er 12,6% aukning.

Umræður.

#### 5. 6 mánaða uppgjör

Stefán lagði fram skjalið „*Raun vs áætlun – janúar – júní 2016 – Samstæða VR*“ og fór yfir efni þess. Í máli hans kom m.a. fram að félagsgjöld hafi aukist um 4,8% sem skýra má með fjölgun félagsmanna og kjarasamningsbundnum hækkunum launa. Tekjur eru samtals 1,6 milljarður kr. sem er 3% yfir áætlun en hvað varðar gjöld þá eru þau flest undir áætlun alls 1,5 milljarður kr. sem er 5% undir áætlun.

Eins og áður kom fram var ávöxtun neikvæð og var það uppá alls 18,9 milljónir kr.

Næst skoðaði Stefán tölurnar sundurliðaðar og kom m.a. fram að leigutekjur orlofshúsa eru umfram áætlun, t.d. gekk útleiga á tjaldsvæði mjög vel, það var jöfn traffík en þarna spilar veður oftast mikið inní. Aukning er í sölu gjafabréfa í flug en samt undir okkar áætlun. Aukning er í sölu útilegukorta og við erum yfir áætlun varðandi viðhald orlofshús m.a. því það kom í ljós að

þarf að skipta um palla á húsunum í Miðhúsaskógi, þeir voru verr farnir en áætlað var.

Nú verða félagsskírteini send út með VR blaðinu sem sent er út í 35 þúsundum eintaka – gildir sem aflsáttarkort og verður hægt að nota á ýmsan hátt í framtíðinni t.d. til að skrá sig inná félagsfundum, opna orlofshús, sem „klink-kort“ o.s.frv. – Kostnaður vegna þessa er á tímabilinu 4 milljónir kr.

Umræður.

## 6. Launakönnun VR minnisblað

Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað – Niðurstöður launakönnunar VR 2016, launatöflur og umfjöllun um launamun kynjanna*“ dags. 13.09 2016 og fór yfir efni þess. Í máli hans kom m.a. fram að í þetta sinn voru þetta tvær kannanir þar sem önnur var með hefðbundnum hætti og miðaði við laun greidd í janúar 2016 en hin var með pörudum samanburði og tók til launa fyrir apríl 2016 en ástæða þess var launahækkun uppá 6,2% sem samið var um í kjarasamningum og kom ekki til útborgunar fyrr en 1. mars.

Niðurstöður launakönnunar VR 2016 eru þær að heildarlaun VR félaga hækkuðu um 8,9% á milli janúar 2015 og sama mánaðar 2016 og um 6,3% á milli janúar 2016 og apríl 2016. Grunnlaun hækkuðu um 8,2% á milli janúar 2015 og janúar 2016 og um 5,7% á milli janúar 2016 og apríl 2016. Heildarlaun félagsmanna VR hækkuðu því um 15,8% frá janúar 2015 til apríl 2016. Grunnlaun hækkuðu um 14,3% yfir sama tímabil. Þessi hækkun er í samræmi við þróun launa á vinnumarkaðnum á tímabilinu, launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 14,5% á tímabilinu janúar 2015 til apríl 2016 og launavísitala VR um 15,5%. Vísitala neysluverðs hækkaði um 3,4% á tímabilinu frá janúar 2015 til apríl 2016.

Launamunur kynjanna miðað við heildarlaun (óleiðréttur launamunur) er 14,2% árið 2016, skv. launakönnuninni. Það er sami munur og í fyrra. Kynbundinn launamunur er 10% en hann var 9,9% í fyrra. Breyting á milli ára er ekki marktæk. Það þarf að leita mörg ár aftur í tímann til að sjá marktækan mun. Þrátt fyrir sveiflur síðustu ár (kynbundinn launamunur fór lægst í 8,5% árið 2014) hefur munurinn því ekki lækkað marktækt í a.m.k. áratug.

Í launakönnun í ár var spurt um fordóma og fjölbreytni í tilefni af herferð félagsins fyrir aukinni fjölbreytni á vinnustöðum. Einnig var spurt um lýðræði á vinnustað, þ.a. þátttöku starfsmanna í ákvörðunum sem varða störf þeirra. Helstu niðurstöður hvað þessa þætti varðar eru að mikill meirihluti svarenda segist ekki hafa orðið var við fordóma á vinnustað síðustu sex mánuðina áður en könnun var gerð. Þar sem fordóma hefur orðið vart er það einkum í garð fólks af erlendu bergi brotið. Um 14% svarenda sögðust hafa orðið varir við fordóma gagnvart erlendu fólki, 9% gagnvart fólki vegna trúarskoðana /trúleysis þeirra og 9% höfðu orðið vör við fordóma í garð kvenna. Með spurningum um fordóma er átt við hvort einhver hafi sýnt með viðhorfi sínu eða viðmóti að hann/hún hafi mótað sér neikvæða skoðun á annarri manneskju / manneskjum, t.d. vegna útlits, kyns, aldurs, fötlunar, uppruna, kynhneigðar eða trúar- eða lífsskoðana viðkomandi.

Einn af hverjum fjórum svarendum hefur orðið fyrir fordómum á vinnustað einhvern tímann á ævinni, t.d. vegna útlits, kyns, aldurs, fötlunar málfars, uppruna, kynhneigðar eða trúar/lífsskoðana. Þegar spurt er um síðustu sex mánuði fyrir könnun var þetta hlutfall 5%.

Um þriðjungur svarenda undir 35 ára telur sig hafa orðið fyrir fordómum í vinnu einhvern tímann á ævinni en 14% elsta hópsins. Á síðustu tólf mánuðum urðu 13% fólks yngra en 25 ára fyrir fordómum í vinnu en 3% þeirra sem eru 55 ára eða eldri.

Lokst sagði Stefán að þetta yrði svo allt kynnt á morgun þar sem send verður út frétt auk umfjöllunar á vef, gefinn út bæklingur og svo er umfjöllun í VR blaðinu.

Umræður.

Dóra vék af fundi kl. 19:55

## 7. Stígamót – styrkumsókn

Bjarni Þór fór yfir fram komna styrkumsókn dags. 02.09 2016 frá félaginu Stígamót. Óskað er eftir styrk að upphæð kr. 2 milljónir vegna kostnaðar við útsendingu á fjáröflunarþætti sem sendur verður út á Stöð 2 18. eða 19. nóvember nk. Heildarkostnaður við útsendinguna er áætlaður 13,4 milljónir kr. Rakti Bjarni Þór helstu atriði sem komu fram í styrkumsókn og síðan voru umræður.

Umræður.

Í umræðum komu fram tvær tillögur; Bjarni Þór lagði til að félagið yrði styrkt um 1 milljón kr. en Harpa lagði til styrk uppá kr. 800 þús.

Var tillaga Bjarna Þórs þá borin upp til atkvæða og var hún felld með 5 atkvæðum gegn 2.

Tillaga Hörpu var þá borin upp til atkvæða og samþykkt með 5 atkvæðum gegn 2 en 2 tóku fram að þeir sitji hjá.

Samþykkt er því að greiða styrk að upphæð kr. 800. þús. vegna þessa verkefnis Stígamóta.

Fundi var slitið kl. 20:35  
Árni Leósson, fundarritari